








## SKILMÁLAR

| Tákn | Skýring |
|---|---|
| - - - - | afmörkun skipulags |
| | lóðamörk |
| (1174 m2) | stærð lóðar |
| | byggingarreitur |
| ←→ | leiðbeinandi megin stefna mænis eða langhliðar húss |
| ◁ | leiðbeinandi staðsetning bílastæða á lóð |

## NÚGILDANDI SKIPULAG

Samþykkt 31.05.2007

SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

Skipulagssvæðið u.þ.b. 8670 m2 liggur austan við Móholtið að Hjallatanga og Búðanesvegi. Það liggur að íbúðabyggð og er á aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022 skilgreint sem íbúðasvæði. Við suðurmörk svæðisins er svæði hestamanna með húsum og skeiðvelli.

Skilgreindar eru sex lóðir fyrir einlyft hús, þrjár fyrir parhús, tvær fyrir einbýlishús og ein þar sem byggja má hvort heldur sem er einbýlishús eða parhús.

Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum fyrir hverja íbúð. Nýtingarhlutfall er tilgreint fyrir hverja lóð og hámarkshæð þaks yfir gólfkóta er 5,0 m.

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóða í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðamörkum og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóð.

| | | |
|---|---|---|
| 5,0 m / 0,0 m | P1 | parhús á einni hæð<br>mesta hæð mænis<br>nhl. 0,33 |

## TILLAGA AÐ BREYTINGU

Breytingin nær aðeins til austustu lóðarinnar sem merkt er P1 næst Búðanesvegi. Þar er nú heimilað að byggja 2 - 4 íbúðir og þar er nú gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum fyrir hverja íbúð. Einnig er leiðbeinandi reitur fyrir bílskúr feldur út.

Skilmálar um hæð hússins eru óbreyttir

| | | |
|---|---|---|
| 5,0 m / 0,0 m | P1 | parhús/raðhús á einni hæð<br>mesta hæð mænis<br>nhl. 0,33 |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 9/6 2016 til 7/7 2016 var samþykkt í bæjarstjórn þann 14. júlí 2016.

[signature]

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 24. ÁGÚST 2016.

**STYKKISHÓLMUR - MÓHOLT**
**340 STYKKISHÓLMUR**

**DEILISKIPULAGSBREYTINIG**

| Breyting: | Teikn.nr.: 01 | GLÁMA·KÍM |
|---|---|---|
| Útgáfud.: 18.06.2016 | Mkv.: 1:1000 | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík<br>s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739<br>glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: 2041168 | Teikn. BBJ / Yfirf. BBJ | |

BANNAÐ ER AÐ MÆLA AF TEIKNINGUM
TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR